

Símenntunarmiðstöð  
Vesturlands  
Ársreikningur 2017

# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	6
Efnahagsreikningur .....	7
Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Skýringar .....	9

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Símenntunarmiðstöð Vesturlands er félagasamtak sem stofnuð var árið 1999. Markmið með starfsemi Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands er meðal annars að vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 með því að reka miðstöð framhaldsfræðslu á Vesturlandi; greina þarfir fyrir fræðslu og bjóða upp á ráðgjöf, raunfærnimat og námskeið fyrir markhópa. Símenntunarmiðstöðin á að veita þjónustu á sviði framhaldsfræðslu í samstarfi við m.a. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Fræðslusjóð og aðra hlutaðeigandi aðila.

Símenntunarmiðstöðin er með þjónustusamning við Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fjölmennt – símenntunar og þekkingarmiðstöð.

Tap varð á rekstri miðstöðvarinnar á árinu 2017 að fjárhæð 3,3 millj. kr. og nemur eigið fé 12,0 millj. kr. í árslok 2017 en þar af er 1,0 millj. kr. óskerðanlegt stofnfé sbr. 2. gr. skipulagsskrár stofnunarinnar.

Hjá stofnuninni störfuðu 7 starfsmenn í 4,98 stöðugildum á árinu 2017 og laun framkvæmdastjóra og stjórnar námu 11,2 millj. kr. á árinu.

Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Borgarnesi, 31. janúar 2018

Í stjórn félagsins:

Guetinn Lármundóttir  
Ingvaldur Guðmundsdóttir  
Sigrún Fíharmadóttir  
Hjálsta E. Tynjósó.  
Kulda A. Ragnarsdóttir  
Gunnur

Framkvæmdastjóri:

Inga Dóra Hauclísdóttir

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands („félagið“) fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2017 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur fallið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnes, 31. janúar 2018

**KPMG ehf.**



# Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
<b>Rekstrartekjur:</b>			
Styrkir .....	7	82.205.560	82.455.990
Tekjur vegna námskeiða .....		21.278.241	20.558.155
Aðrar tekjur .....	8	3.982.357	4.975.815
		<u>107.466.158</u>	<u>107.989.960</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	9	53.228.186	46.880.416
Námsskeiðskostnaður .....	10	35.257.256	39.446.154
Annar rekstrarkostnaður .....	11	21.564.883	24.196.989
Afskriftir .....	3,12	793.240	649.659
		<u>110.843.565</u>	<u>111.173.218</u>
<b>Rekstartap fyrir fjármagnsliði</b> .....		( 3.377.407)	( 3.183.258)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>			
Fjármunatekjur .....		298.301	371.157
Fjármagnsgjöld .....		( 217.885)	( 2.144.360)
		<u>80.416</u>	<u>( 1.773.203)</u>
<b>Tap ársins</b> .....	14	<u>( 3.296.991)</u>	<u>( 4.956.461)</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr.	2017	2016
<b>Fastafjármunir:</b>			
Áhöld og tæki.....		583.143	1.376.383
Fastafjármunir alls	3,12	<u>583.143</u>	<u>1.376.383</u>
<b>Veltufjármunir:</b>			
Óinnheimtar tekjur .....	4,13	4.068.678	9.346.318
Aðrar skammtímakröfur .....		250.549	81.138
Verðbréfaeign.....		3.659.102	3.580.468
Handbært fé.....		13.729.071	13.910.666
Veltufjármunir alls		<u>21.707.400</u>	<u>26.918.590</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>22.290.543</u>	<u>28.294.973</u>
<b>Eigið fé:</b>			
Bundið eigið fé:			
Stofnfé .....		1.000.000	1.000.000
Frjálst eigið fé:			
Óráðstafað samkvæmt skipulagsskrá .....		11.015.529	14.312.520
Eigið fé samtals	14	<u>12.015.529</u>	<u>15.312.520</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Fyrirframinnheimtar tekjur .....	2	4.806.000	9.620.000
Viðskiptaskuldir.....		1.008.903	450.809
Aðrar skammtímaskuldir .....		4.460.111	2.911.644
		<u>10.275.014</u>	<u>12.982.453</u>
Skuldir samtals		<u>10.275.014</u>	<u>12.982.453</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>22.290.543</u>	<u>28.294.973</u>

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2017

	Skýr.	2017	2016
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Tap samkvæmt rekstrarreikningi .....	14	( 3.296.991)	( 4.956.461)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	12	<u>793.240</u>	<u>649.659</u>
Veltufé til rekstrar		( 2.503.751)	( 4.306.802)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) .....		5.029.595	( 4.524.076)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....		( 2.707.439)	19.532
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>2.322.156</u>	<u>( 4.504.544)</u>
Handbært fé til rekstrar		( 181.595)	( 8.811.346)
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....		<u>0</u>	( 779.800)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>0</u>	<u>( 779.800)</u>
<b>Lækkun á handbæru fé .....</b>		( 181.595)	( 9.591.146)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		<u>13.910.666</u>	<u>23.501.812</u>
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<u>13.729.071</u>	<u>13.910.666</u>



# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Símenntunarmiðstöðvarinnar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum, byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### Innlausn tekna

2. Styrkir og framlög eru færð til tekna við móttöku greiðslu og tekjur af sölu námskeiða og styrkir eru færðir í rekstrarreikning þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra. Styrkir sérverkefna sem ekki er lokið í árslok eru færðir sem fyrirframinnheimtar tekjur í efnahagsreikningi í samræmi við stöðu verkefnis.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími eru 5 ár.

### Óinnheimtar tekjur

4. Skammtímakröfur í árslok 2017 eru færðar niður um 1,0 millj. kr. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum tekjum í árslok í efnahagsreikningi.

### Handbært fé

5. Til handærs fjár teljast bankainnistæður.

### Áunnið orlof

6. Áfallið orlof er reiknað og fært í rekstrar- og efnahagsreikning og nemur skuldbindingin 4,1 millj. kr. í árslok 2017.

## Sundurliðanir

7. <b>Styrkir</b>	2017	2016
Styrkur frá ríkissjóði .....	22.400.000	22.200.000
Styrkur frá ríkissjóði - viðbótarsamningur v/framhaldsfræðslu .....	5.565.000	4.800.000
Styrkir vegna sérverkefna .....	1.400.000	6.250.000
Styrkur vegna erlendra verkefna .....	850.160	2.053.690
Styrkur vegna Fjölmennnt .....	4.500.000	4.500.000
Styrkur vegna Þróunarsjóðs .....	1.349.500	0
Styrkur vegna náms- og starfsráðgjafar .....	7.896.000	6.500.000
Styrkur vegna vottaðra námsleiða FA .....	30.299.000	24.700.000
Styrkur vegna hækkunar menntunarstigs í NV-kjördæmi .....	0	5.740.000
Styrkur vegna raunfærnimats .....	4.596.000	6.401.300
Styrkur vegna íslensku fyrir útlendinga .....	3.300.000	2.715.000
Endurgreiddir styrkir .....	( 4.764.100)	0
Fyrirframinnheimtir styrkir .....	4.814.000	( 3.404.000)
	<u>82.205.560</u>	<u>82.455.990</u>

## Skýringar, frh.:

<b>8. Aðrar tekjur</b>	2017	2016
Námsvísir, auglýsingar, leiga .....	1.295.000	985.000
Aðrar tekjur .....	2.687.357	3.990.815
	<u>3.982.357</u>	<u>4.975.815</u>
<b>9. Laun og launatengd gjöld</b>		
Laun .....	40.675.496	37.172.518
Stjórnarlaun .....	493.560	496.420
Áfallið orlof, breyting .....	1.439.424 (	935.539)
Ökutækjastyrkur .....	1.476.970	1.349.222
Tryggingagjald .....	3.263.505	3.090.505
Lífeyrissjóðsframlag .....	4.996.382	4.417.557
Önnur sjóðagjöld .....	1.389.156	1.289.733
Endurgreiðsla frá Vinnumálastofnun .....	( 506.307)	0
	<u>53.228.186</u>	<u>46.880.416</u>
Ársverk .....	5,00	4,90
<b>10. Námskeiðskostnaður</b>		
Aðkeypt þjónusta .....	31.650.936	35.968.036
Húsaleiga og aðstöðukostnaður .....	500.500	186.000
Námsefni .....	401.302	838.509
Fjarfundakostnaður .....	822.457	900.680
Annar kostnaður .....	1.882.061	1.552.929
	<u>35.257.256</u>	<u>39.446.154</u>
<b>11. Annar rekstrarkostnaður</b>		
Útgáfa námsvísis .....	1.047.424	1.382.039
Tölvuþjónusta og hugbúnaður .....	2.280.634	1.831.141
Dagpeningar .....	202.830	657.513
Húsnæðiskostnaður .....	7.800.983	7.455.107
Áskriftir og félagsgjöld .....	312.752	329.998
Ýmis aðkeypt þjónusta .....	4.110.388	3.429.197
Gjaldfærð áhöld og tæki, viðhald áhalda .....	365.231	445.720
Sími og póstburðargjöld .....	1.547.273	1.248.904
Prentun, pappír, ritföng, skrifstofuvörur og tryggingar .....	596.700	964.488
Ferðakostnaður .....	1.002.991	2.661.144
Auglýsingar .....	333.294	801.792
Rekstur bifreiðar, leiga bifreiða .....	1.324.730	1.635.053
Ráðstefnur, endurmenntun, námskeið og veitingar .....	859.761	443.150
Kaffistofa .....	130.104	145.706
Niðurfærsla krafna og tapaðar kröfur, breyting .....	( 127.647)	614.106
Annar kostnaður .....	37.123	151.931
Endurgreiddur kostnaður .....	( 259.688)	0
	<u>21.564.883</u>	<u>24.196.989</u>

## Skýringar, frh.:

---

### 12. **Varanlegir rekstrarfjármunir**

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Áhöld og tæki
Bókfært verð 1.1.2017 .....	1.376.383
Afskrifað á árinu .....	( 793.240)
Bókfært verð 31.12.2017 .....	<u>583.143</u>

### **Skammtímakröfur**

#### 13. Niðurfærsla skammtímakrafna

Niðurfærsla í ársbyrjun .....	1.558.539
Tapaðar kröfur .....	( 452.763)
Breyting á niðurfærslu á árinu .....	( 127.647)
Niðurfærsla í árslok .....	<u>978.129</u>

### **Eigið fé**

#### 14. Yfirlit um breytingu á eigin fé:

Bundið eigið fé:

Flutt frá fyrra ári .....	1.000.000
	<u>1.000.000</u>

Frjálst eigið fé:

Flutt frá fyrra ári .....	14.312.520
Tap ársins .....	( 3.296.991)
	<u>11.015.529</u>

Eigið fé 31.12.2017 .....	<u>12.015.529</u>
---------------------------	-------------------

### **Önnur mál**

15. Á árinu 2014 var gerður ótímabundinn leigusamningur við Hertz bílaleigu um leigu á bifreið. Bifreiðin er notuð fyrir starfsmenn Símenntunarmiðstöðvarinnar vegna starfa þeirra utan vinnustaðar. Leigu- og rekstrarkostnaður er færður meðal annars kostnaðar í rekstrarreikningi. Í gildi er tímabundinn húsaleigusamningur vegna fasteignar sem tekin hefur verið á leigu undir starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar, nógildandi samningur rann út í júlí 2016, en ekki hefur verið gengið frá framlengingu samningsins.